

**www.vh.is**  
**Heimasíðan**  
**sem fjölmiðlar**  
**vitna í**

# Fréttabréf

*stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum*

4. töl. 14. árgangur • Október 2003



Stéttarfélögin hafa staðið fyrir nokkrum orlofsferðum í sumar fyrir félagsmenn. Boðið var upp á fjórar utanlandsferðir og eina ferð um hálendi Íslands og Norðurland vestra. Á forsiðunni eru svipmyndir úr hálendisferð stéttarfélaganna sem var fjölskylduferð sem tókst í alla staði mjög vel og eru myndirnar talandi dæmi um þá gleði sem var ríkjandi í ferðinni og veðrið sem lék við hópinn. Nánar er sagt frá ferðinni í blaðinu.



## ÚTGEFENDUR:

Þingið, félag iðnaðarmanna  
Starfsmannafélag Húsavíkur  
Verkalýðsfélag Húsavíkur  
Verkalýðsfélag Þórshafnar  
Verkalýðsfélag Öxarfjarðar  
Verslunarmannafélag Húsavíkur  
Ábyrgðarmaður: Aðalsteinn Á Baldursson

Fréttabréfið er skrifað  
föstudaginn 29. september 2003  
og gefið út í 2000 eintökum.

## Hvenær eru kjarasamningar lausir?

Um næstu áramót eru flestir kjarasamningar lausir. Þó eru nokkrir kjarasamningar lausir síðar s.s. kjarasamningur stéttarfélaganna og Kísiliðjunnar sem er laus 31. desember 2004. Samningur Verkalýðsfélags Húsavíkur við Meðferðarheimilið Árbót er laus 30. apríl 2005. Samningur Verkalýðsfélags Húsavíkur og annarra verkalýðsfélaga í Þingeyjarsýslum vegna starfsmanna hjá sveitarfélögum er laus 30. apríl 2005. Samningur Verslunarmannafélags Húsavíkur vegna félagsmanna er laus 1. mars 2004. Samningur Starfsmannafélags Húsavíkur vegna starfsmanna hjá sveitarfélögum er laus 31. mars 2005. Samningur Starfsmannafélags Húsavíkur vegna ríkisstarfsmanna er laus 30. nóvember 2004.

## Starfsmenn Hvamms og Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga á skólabekk

Verkalýðsfélag Húsavíkur í samvinnu við Heilbrigðisstofnun Þingeyinga og Hvamm heimili aldraðra standa fyrir 70 stunda valgreinanámskeiði fyrir starfsmenn þessara stofnana í vetur. Námskeiðið verður nánar auglýst síðar. Á næstu dögum verður gengið frá dagskrá námskeiðsins. Þá er einnig til skoðunar að halda 100 stunda sérhæfninám-skeið á næsta ári.

## VH styrkir Völsung

Verkalýðsfélag Húsavíkur færði nýlega knattspyrnuráði meistaraflokks Völsungs kr. 100.000,- fyrir komandi baráttu í 1. deild karla. Jafnframt óskaði félagið leikmönnum, þjálfurum og öðrum aðstandendum liðsins til hamingju með frábæran árangur á síðustu árum með von um að svo verði áfram.

# Kjaramál

- Leiðari -

Um næstu áramót eru kjarasamningar verkafólks lausir. Þó eru nokkrir hópar sem eru með lengri samningstíma eins og sjá má í Fréttabréfinu. Verkalýðsfélag Húsavíkur hefur ákveðið að undirbúa sig vel fyrir baráttuna sem framundan er enda væntingar verkafólks miklar. Í því sambandi er mikilvægt að félagsmenn verði virkir þátttakendur í undirbúningnum því skoðanir og þátttaka félagsmanna skipta miklu máli í mótun kröfugerðar. Félagið ætlar að standa fyrir könnun á áherslum félagsmanna í næstu kjarasamningum. Meðfylgjandi Fréttabréfinu er könnunin sem félagsmenn eru beðnir um að fylla út og koma til Skrifstofu stéttarfélaganna fyrir 11. október. Þá ætlar félagið einnig að standa fyrir vinnustaðafundum, upplýsingafundum, opnu húsi og félagsfundum. Félagsmenn eru beðnir um að kynna sér vel dagskrána hér á síðunni. Því miður ákváðu félögin sem mynda Flóabandalagið að fara fram sér. Hins vegar er ekki annað að sjá en að fullur vilji sé til þess að starfa í nánú samstarfi við önnur félög innan Starfsgreinasambands Íslands enda annað óskynsamlegt. Enn og aftur félagar, tókum virkan þátt í undirbúningi komandi kjarasamninga.

### Vinnuáætlun Verkalýðsfélags Húsavíkur vegna komandi kjarasamninga:

#### Miðvikudagur 1. október 2003

Könnun fer á stað meðal félagsmanna varðandi næstu kjarasamninga. Félagsmenn verða spurðir um helstu áherslur þeirra í komandi kjarasamningum. Skila skal könnuninni inn fyrir 11. október.

#### Fimmtudagur 2. október kl. 17:00

Magnús M. Norðdahl lögræðingur ASÍ fer yfir hlutverk og ábyrgð samninganefnda stéttarféлага með Samninganefnd Verkalýðsfélags Húsavíkur.

#### Fimmtudagur 2. október kl. 20:00

Fundað með starfsmönnum hjá Heilbrigðisstofnun Þingeyinga um kjaramál í fundarsal félagsins.

#### Sunnudagur 5. október kl. 17:00

Fundað með starfsmönnum í fiskvinnslu um kjaramál í fundarsal félagsins.

#### Þriðjudagur 7. október kl. 17:00

Ólafur Darri Andrason hagfræðingur ASÍ fundar með Samninganefnd Verkalýðsfélags Húsavíkur og trúnaðarmönnum um efnahags- og kjaramál, stöðu og horfur.

#### Sunnudagur 12. október kl. 17:00

Fundað með starfsmönnum á Hvammi, heimili aldraðra um kjaramál í fundarsal félagsins.

#### Mánudagur 13. október kl. 20:00 – 22:00

Opíð hús fyrir félagsmenn. Kaffi og kökur. Félagsmönnum býðst að koma skoðunum sínum á framfæri við forystumenn félagsins.

#### Þriðjudagur 14. október kl. 20:00 – 22:00

Opíð hús fyrir félagsmenn. Kaffi og kökur. Félagsmönnum býðst að koma skoðunum sínum á framfæri við forystumenn félagsins.

#### Miðvikudagur 15. október kl. 20:00

Félagsfundur í Verkalýðsfélagi Húsavíkur um kjaramál. Gerð verður grein fyrir könnun félagsins á helstu áherslum félagsmanna í komandi kjaraviðræðum.

Vinnustaðaheimsóknir verða flesta daganna frá 2. október til 15. október. Starfsmönnum fyrirtækja er bent á að hafa samband við Skrifstofu stéttarfélaganna vilji þeir fá fulltrúa Verkalýðsfélags Húsavíkur í vinnustaðaheimsóknir. Fulltrúar Verkalýðsfélags Húsavíkur eru tilbúnir að mæta á vinnustaðafundi og hafa nokkrir fundir þegar verið skipulagðir.



Starfsmannafélag Húsavíkur hefur staðið fyrir tveimur utanlandsferðum í sumar. Hér má sjá nokkra félagsmenn og maka njóta sólar á Mallorca.



# Glæsilegt mannvirki vígt

Í september var Garðshorn, endurhæfingar og útivistarsvæði við Hvamm og Heilbrigðisstofnun Pingeyinga formlega vígt. Um er að ræða glæsilegt mannvirki sem er öllum til sóma, ekki síst þeim sem komu að því að gera hugmyndina að veruleika og sýnir í verki hvað hægt er að gera með samstilltu átaki. Þess má geta að Verkalýðsfélag Húsavíkur og Verkalýðsfélag Öxarfjarðar lögðu fram kr. 315.000,- í verkefnið. Á ágættri ræðu Sigríðar Jónsdóttir sem hafði umsjón með verkefninu rakti hún sögu verksins sem hægt er að skoða á [www.vh.is](http://www.vh.is)



Ingimar Hjálmarsson gengur hér um Garðshorn en hann, eins og margir aðrir, hefur verið mikill áhugamaður um framgang verksins.

## Endurhæfing fólks með skerta starfsgetu

*Fréttabréf stéttarfélaganna fékk Geirlaugu Björnsdóttir starfsmann Félags- og skólaþjónustu Pingeyinga til að skrifa um mjög áhugavert verkefni sem unnið er að í endurbæfingu fólks með skerta starfsgetu.*

Pann 21. ágúst 2003 hófu 16 einstaklingar þátttöku í Almennri endurhæfingu hér á Húsavík.

Um er að ræða tilraunaverkefni á vegum Heilbrigðisstofnunar Pingeyinga, Félags- og skólaþjónustu Pingeyinga og Framhaldsskólans á Húsavík.

Undirbúningur verkefnisins hefur staðið frá því á vormánuðum 2002. Að undirbúningi komu auk fyrrnefndra stofnana, Verkalýðsfélag Húsavíkur og Atvinnuþróunarfélag Pingeyinga.

Tilgangur verkefnisins er að gefa fólki sem býr við skerta starfsgetu tækifæri til endurhæfingar og auka þar með lífsgæði þeirra og fjölskyldna þeirra.

Stefnt er að því að þátttakendur fari í atvinnu að lokinni endurhæfingu og eða frekara nám.

Allir þátttakendur eru á örorku eða endurhæfingarlífeyri. Áætlaður endurhæfingartími er 9 mánuðir.

Endurhæfingin er byggð upp út frá heildrænu sjónarmiði. Í því fellst endurhæfing út frá heilbrigðis- og félagslegum þáttum auk bóknáms.

Hópurinn stundar nám við Framhaldsskólann á Húsavík alla morgna og er áhersla lögð á grunnáfanga til frekara náms. Allir áfangar gefa einingar og því er sá möguleiki raunhæfur að þátttakendur geti hafið almennt nám að loknum þessum tveimur önnum.

Eftir hádegi eru þátttakendur í annars konar endurhæfingu s.s. sjúkráþjálfun, iðjuþjálfun, boðið er upp á hópeflí, sálfræðitíma og ráðgjöf hjá ráðgjöfum félagsþjónustunnar og eftirfylgd læknis.

Fjármögnun verkefnisins kemur frá Fjárlaganefnd Alþingis kr: 5. milljónir, styrkir frá Lífeyrissjóði Norðurlands, Byggingastofnun og Kísilgúrssjóði.

Verið er að vinna að fjármögnun á seinni önn.

Almenn ánægja þátttakenda endurhæfingarinnar segir okkur að verkefni sem þetta á fullan rétt á sér og munum við leita allra leiða til að verkefnið verði raunhæfur valkostur.

*Geirlaug G. Björnsdóttir  
verkefnastjóri*

## Námskeið fyrir starfsmenn skóla

Verkalýðsfélag Húsavíkur stendur fyrir námskeiði fyrir starfsmenn grunnskóla í Pingeyjarsýslum. Samstarfsaðilar eru grunnskólar á svæðinu. Námskeiðið nær til skólalíða, stuðningsfulltrúa, baðvarða, húsvarða og starfsmanna í mótuneytum. Um er að ræða 5 klst. námskeið. Kennari á námskeiðinu verður Sigrún Sveinbjörnsdóttir lektor við háskólann á Akureyri. Þar sem reiknað er með mikilli þátttöku verður kennt á Húsavík 14. október og í Stórutjarnaskóla 22. október. Skráning á námskeiðið er hjá Skrifstofu stéttarfélaganna.

Markmið námskeiðsins er:

- að starfsmenn fái innsýn í þau uppeldis- og samskiptafræði sem kennarar ganga í gegnum í sínu námi og læri að skoða sjálfa sig, gerðir sínar og framkomu.
- að þátttakendur á námskeiðinu læri að sýna fagmennsku í umfjöllun sinni um nemendur og aðra starfsmenn stofnunarinnar.
- að allir starfsmenn skóla hafi svipaðan útgangspunkt í samskiptum sínum við nemendur.

## STUTTAR FRÉTTIR



Það er alltaf gott að eiga góða að. Erla Ýr Hansen kom nýlega færandi hendi á Skrifstofu stéttarfélaganna og færði Verkalýðsfélagi Húsavíkur straujárn að gjöf til notkunar í orlofsíbúð félagsins í Reykjavík. Erla Ýr er einn af þeim fjölmörgu sem dvalið hafa í íbúðum félagsanna og líkað það vel. Verkalýðsfélag Húsavíkur þakkar Erlu Ýr fyrir nýtsamlega gjöf.

## VÖ ánægt með núverandi fyrirkomulag

Verkalýðsfélag Öxarfjarðar boðaði til fundar um kjaramál og sameiningu stéttarféлага í síðustu viku. Á fundinum var einnig gengið frá kosningu fulltrúa á ársfundi ASÍ og SGS og þing Alþýðusambands Norðurlands. Varðandi sameiningu stéttarféлага í Pingeyjarsýslum kom fram mikil ánægja með samstarf félagsins við Skrifstofu stéttarfélaganna sem fundarmenn lögðu þunga áherslu á að yrði áfram. Fundarmenn fögnuðu áhuga Verkalýðsfélags Raufarhafnar að ganga til samninga við Verkalýðsfélag Húsavíkur um sameiningu félagsanna sem væri verulegur styrkur fyrir verkafólk í Pingeyjarsýslum, yrði af sameiningunni.

## Samþykkt að stofna Vinnudeilusjóð

Verkalýðsfélag Öxarfjarðar hefur samþykkt að stofna Vinnudeilusjóð. Sjóðnum er ætlað að gera félaginu betur kleift að takast á við kjaradeilur komi til verkfalla. Sjóðurinn verður fjármagnaður með 15% framlagi úr félagsgjöldi á hverjum tíma. Sjóðurinn var formlega stofnaður á félagsfundinum í síðustu viku. Þessi samþykkt er í takt við vilja Starfsgreinasambands Íslands sem hvatt hefur félög sem ekki hafa þegar Vinnudeilusjóði að stofna þá nú þegar.



Í stuttu samtali við Ísak Sigurgeirsson í Ásbyrgi kom fram að verslun hefur gengið nokkuð vel í sumar og verið jafnari en oft áður. Ekki er ólíklegt að með bættum samgöngum eigi verslun og þjónusta eftir að eflast en frekar í Kelduverfi og Óxarfirði.

# Vlf. Raufarhafnar fundar um framtíð félagsins

Verkalýðsfélag Raufarhafnar boðaði til félagsfundar um framtíð félagsins í júní í sumar. Á fundinum var tekin fyrir tillaga stjórnar félagsins um að hafnar verði viðræður við stjórn Verkalýðsfélags Húsavíkur um sameiningu félaganna.

Gestur fundarins var Aðalsteinn Á. Baldursson formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur.

Fundurinn samþykkti samhljóða að fela stjórn félagsins að ganga til viðræðna við Verkalýðsfélag Húsavíkur um sameiningu félaganna. Fram kom á fundinum að menn vilja sjá eitt stórt og öflugt stéttarfélag í Pingeyjarsýslum. Verkalýðsfélag Húsavíkur hefur þegar fjallað um beiðni Verkalýðsfélags Raufarhafnar um sameiningu félaganna og tekið jákvætt í erindið. Um leið og ársreikningar Verkalýðsfélags Raufarhafnar fyrir árið 2002 liggja fyrir munu formlegar viðræður félaganna um sameiningu hefjast.



Marzenna B. Kowalska hafði í nógu að snúast á félagsfundum Verkalýðsfélags Raufarhafnar um sameiningu stéttarféлага í Pingeyjarsýslum enda sá hún um allir fengju kaffi og meðlæti.

## Opnunartími á skrifstofu

Að venju verður Skrifstofa stéttarfélaganna opin frá kl. 08:00 til 17:00 alla virka daga í vetur. Ópið er í hádeginu. Sími 464-1301, myndsendir 464-1781. Heimasíða [www.vh.is](http://www.vh.is)

## Fundur með starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Pingeyinga

Verkalýðsfélag Húsavíkur boðar til fundar með starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Pingeyinga fimmtudaginn 2. október kl. 20:00 í fundarsal félagsins. Umræðuefni fundarins verða kjara- og námskeiðsmál.

Stjórnin



Jóna Björg, Marteinn, Heimir og Hlifar skoða fallega díla hjá Marteini í Húsavíkurrétt. Að venju kom töluverður fjöldi fólks á réttirnar enda alltaf góð stemning í réttunum á Húsavík.



Miklar annir eru nú hjá verkalýðshreyfingunni þar sem kjarasamningar eru lausir um næstu áramót og því stíf fundahöld framundan. Nýlega var haldinn formannafundur á Akureyri sem Starfsgreinasamband Íslands stóð fyrir. Formaður sambandsins Halldór Björnsson og nýráðinn framkvæmdastjóri sambandsins Skúli Thoroddsen höfðu framsögu á fundinum

um kjaramál. Á fundinum var einnig farið yfir stöðu mála innan sambandsins eftir að Flóabandalagið tók ákvörðun um að fara fram sér. Fundarmenn voru sammála um mikilvægi þess að landsbyggðarfélagin stæðu saman og hæfu þegar í stað frekari undirbúning vegna komandi kjarasamninga.

## Vilt þú upplifa hátíðahöldin 1. maí á myndbandi (STOPP)

Nú geta áhugasamir fengið lánað myndband af hátíðahöldunum 1. maí 2003 sem var með glæsilegasta móti. Um 500 manns tóku þátt í hátíðahöldunum í Félagsheimili Húsavíkur. Nánari upplýsingar á Skrifstofu stéttarfélaganna.

## Gríptu tækifærið

Sjómennt, fræðslusjóður útgerðarfyrtækja og sjómanna og Landsmennt fræðslusjóður Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni styrkja fyrirtæki og félagsmenn stéttarféлага til starfsnáms eða námskeiðahalds. Leitið upplýsinga á Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík.

## Fundur með fiskvinnslufólki

Verkalýðsfélag Húsavíkur boðar til fundar með fiskvinnslufólki í fundarsal félagsins, sunnudaginn 5. október kl. 17:00. Umræðuefni fundarins eru kjaramál og komandi kjarasamningar.

Stjórnin



Bæjarstarfsmenn hafa unnið við það í allt sumar að fegra bæinn enda Húsavík einn snyrtilegasti bær landsins. Myndin er tekin af nokkrum galvöskum starfsmönnum bæjarins sem voru í óða önn að setja upp nokkrar furðuverur á torginu fyrir framan Skrifstofu stéttarfélaganna kannski í stíl við starfsmenn skrifstofunnar, hver veit?. Við látum lesendum eftir að finna út hver er púkin í hópnum á myndinni.

## Ályktun um álverksmiðju við Húsavík

Stjórn Verslunarmannafélags Húsavíkur ályktaði á fundi sínum 24. september s.l. um byggingu álvers við Húsavík. Þar fagnar félagið þeim áfanga sem náðst hefur og hvetur alla hlutaaðeigandi aðila til að flýta vinnu við framhaldið.

“Stjórn Verslunarmannafélags Húsavíkur fagnar þeim áfanga sem náðst hefur með undirritun viljayfirlýsingar Húsavíkurbæjar og Atlantsáls vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar álvers við Húsavík.

Stjórnin væntir þess, að unnið verði af fullri

einurð og festu við þetta mikilvæga mál - af þeim aðilum sem að málinu koma.

Stjórnin hvetur þessa aðila og stjórn Landsvirkjunar til að flýta vinnu við þetta verkefni eins og kostur er, þannig að uppbygging hefjist í samræmi við óskir Atlantsáls árið 2006-2007.

Samfélagið á norðausturhluta landsins þarfnast fleiri, stærri og fjölbreyttari atvinnukosta á svæðinu, svo íbúabróun verði aftur jákvæð á svæðinu.”

## Launakönnun verslunarmanna

*- verslunarmenn borða heimatilbúinn mat, breyfa sig reglulega og eru tengdir við netið*

Aðildarfélag Landssambands íslenskra verslunarmanna gerðu könnun á launum og viðhorfum félagsmanna sinna s.l. vor. Nú eru komnar niðurstöður úr könnuninni og þar eru nokkur atriði sem vekja sérstaka athygli og verslunar- og skrifstofufólk þar að skoða sérstaklega. Niðurstöðurnar sem hér koma á eftir eiga við starfsfólk á landsbyggðinni, nema annað sé tekið fram:

- Grunnlaun eru að meðaltali 44 þúsundum (24%) lægri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu.

- Konur eru með 14% lægri laun en karlar, að teknu tilliti til yfirvinnu, starfs, aldurs og starfsaldurs.

- 74,5% þátttakenda hafa lækkað í launum eða verið beðnir um að afsala sér kauphækkun á s.l. 12 mánuðum.

- 67,8% svarenda vinna í fyrirtækjum þar sem starfsfólk hefur verið sagt upp vegna samdráttar á s.l. 12 mánuðum.

- Einungis 28% verslunar- og skrifstofufólks hefur farið í launaviðtal frá árinu 2000. Rúmlega 50% verslunarmanna á höfuðborgarsvæðinu hefur farið í launaviðtöl og fengu þeir að meðaltali 11% launahækkun á þessu ári.

- Rúmlega 70% verslunar- og skrifstofufólks væntir launahækkana í launaviðtölum. Rúmlega 70% fá þessa ósk sína uppfyllta. Væntingar og niðurstöður úr launaviðtölum eru þær sömu á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu.

- Rúmlega 76% verslunarmanna borða a.m.k. 5 sinnum í viku heimatilbúinn mat, sama hlutfall stundar heilsurækt a.m.k. vikulega en rúmlega 90% þátttakenda hafa aðgang að internetinu.

Í þessari könnun vekur sérstaka eftirtekt hversu laun á landsbyggðinni eru lægri en á höfuðborgarsvæðinu og hversu lítið hlutfall af verslunar- og skrifstofufólki á landsbyggðinni hefur farið í launaviðtal eða einungis 28%. Þessi réttur kom inn í kjarasamning árið 2000 og því undarlegt að fleiri hafi ekki farið í viðtöl. Kannanir hafa sýnt að rúmlega 70% þeirra sem hafa væntingar um launahækkun fá hana þegar þeir eiga launaviðtal við sinn yfirmann.

Í samræmi við þetta er ekki annað hægt en að hvetja verslunar- og skrifstofufólk á félagssvæði Verslunarmannafélags Húsavíkur til að vera ákveðnara í launakröfum sínum og nýti sér þau réttindi sem kjarasamningurinn veitir þeim – að fara fram á launaviðtal.

Ljóst er að launaviðtölin eru að veita starfsfólki nokkrar launahækkningar og/eða aðrar jákvæðar breytingar á starfskjörum.

Á Skrifstofu stéttarfélaganna er hægt að nálgast niðurstöður launakönnanna og allar nánari upplýsingar um launaviðtölin.

**Daglegar fréttir á heimasíðu stéttarfélaganna [vh.is](http://vh.is)  
Ferð þú inn á heimasíðu stéttarfélaganna [vh.is](http://vh.is)?**



# Ævintýraferð um óbyggðir

Stéttarfélögin stóðu fyrir ævintýraferð um hálendið í sumar og var uppselt í ferðina. Farið var með rútu frá Húsavík föstudaginn 15. ágúst inn í Bárðardal þar sem Aldeyjarfoss, Hrafnabjargarfoss og fleiri athyglisverðar náttúruperlur voru skoðaðar. Þaðan lá leiðin í Laugafell þar sem gíst var í skálum. Að sjálfsögðu baðaði hópurinn sig í frábærri laug sem er í Laugafelli. Á laugardeginum var ekið niður í Eyjafjörð og áfram í Skagafjörð og inn dalir skoðaðir. Til stóð að fara beint niður í Skagafjörð en vegna vatnavaxta á leiðinni var það ekki hægt og því var farið niður í Eyjafjörð. Í Skagafirði voru áhugaverðir staðir skoðaðir m.a. bæirnir Merkigil og Ábær. Að loknum góðum degi í Skagafirði var haldið í Steinstaðaskóla þar sem gíst var um nóttina. Um kvöldið var grillað saman, sagðar skemmtisögur og sungið fram eftir nóttu. Á sunnudeginum var farið í Vesturfarasetrið á Hofsósi og þetta merkilega safn skoðað. Þaðan var farið um Lágheiði til Ólafsfjarðar, Dalvíkur og Akureyrar á leiðinni heim til Húsavíkur þar sem



ferðinni lauk formlega. Ferðin tókst einstaklega vel og hópurinn skemmti sér vel saman. Þá er ástæða til að þakka Rúnari Óskarssyni og Huldu Jónu sem skipulögðu ferðina ásamt starfsmönnum Skrifstofu stéttarfélaganna. Með þessari stuttu umfjöllun um ferðina fylgja nokkrar myndir. Rétt er að taka fram að þrátt fyrir að myndirnar beri með sér að ferðin hafi verið hættuleg, komu allir heilir heim.





## Starfsmat hjá félags- mönnum STH.

### - undirbúningi að ljúka

Í kjarasamningi Starfsmannafélags Húsavíkur við sveitarfélögin frá árinu 2001 er kveðið á um að framkvæmt skuli starfsmat og átti það að taka gildi 1. desember 2002.

Undirbúningur og prufukeysrsla starfsmatsins reyndist tímafrekari en áætlað var. Nú er prufukeysrsla á kerfinu að ljúka og stefnt er að því að félagsmenn STH fari í starfsmat fyrir n.k. áramót. Launabreytingar sem verða vegna starfsmatsins gilda frá 1. desember 2002 í samræmi við ákvæði kjarasamningsins.

## Fundur með starfsfólki Hvamms

Verkalýðsfélag Húsavíkur boðar til fundar með starfsfólki Hvamms sunnudaginn 12. október kl. 17:00 í fundarsal félagsins. Umræðuefni fundarins eru kjara- og námskeiðsmál.

Stjórnin

## Opið hús

Verkalýðsfélag Húsavíkur verður með opið hús mánudaginn 13. október og þriðjudaginn 14. október frá kl. 20:00 til 22:00. Þar gefst félagsmönnum kostur á að koma og ræða við forystumenn félagsins um kjaramál og málefni félagsins. Boðið verður upp á kaffi og kökur. Félagsmenn eru hvattir til að nýta sér þessa nýbreytni í starfi félagsins.

**Í hverri viku fara fjölmargir inn á heimasíðu stéttarfélaganna  
[www.vh.is](http://www.vh.is) enda uppfærð reglulega með fréttum og öðrum  
upplýsingum fyrir félagsmenn.**



# Nemendur frá Raufarhöfn stunda nám á Húsavík

Fimmtán nemendur á Raufarhöfn stunda nám við Framhaldsskólann á Húsavík í vetur. Námið er með fjarkennslusniði og auk þess er gert ráð fyrir að kennarar heimsæki nemendur á Raufarhöfn og einnig munu nemendurnir eiga kost á að heimsækja skólann í vetur. Fjórir kennarar frá FSH taka þátt í þessari skemmtilegu tilraun og kenna þeir byrjunaráfanga jafnmarga námsgreina. Hinn ungi og dugmikli sveitarstjóri á Raufarhöfn, Guðný Hrund Karlsdóttir átti frumkvæðið að því að koma á þessu sambandi skóla og nemenda og fylgir því eftir með góðu skipulagi og aðstoð

við nemendur heima fyrir. Starfsemin fer vel af stað og áhugi nemendanna er mikill. Þá hófst í haust tilraun með blöndu af hefðbundinni kennslu og fjarkennslu í samstarfi FSH og Borgarhólsskóla á Húsavík. Nemendur 10 bekkjar, sem náð hafa góðum árangri í námi, fá tækifæri til að stunda nám í byrjunaráföngum í íslensku og stærðfræði í Framhaldsskólanum í stað annarra valgreina í 10 bekk. Ellefu nemendur 10. bekkjar völdu þennan kost og koma einu sinni í viku í tíma í FSH og eru svo í tölvusamandi við kennara sína þess á milli.

Skólanefnd FSH hefur nýlega skrifað héraðsnefnd og sveitarstjórnunum í Þingeyjarsýslum þar sem hún vekur athygli á margvíslegum tækifærum til framhaldsnáms með tilkomu tölvutækninnar, veraldarvefsins og fjarfundabúnaðar. Með verulega bættum samgöngum á síðustu árum opnast líka möguleiki á skólaakstri og þá væri möguleiki á að skipuleggja nám nemenda í dreifbýlinum þannig að hluti þess færi fram í skóla og hluti í fjarkennslu.

## Námskeiðið Rekspölur

Síðasta mánudag (29/9) hófst námskeiðið Rekspölur 2 sem haldið er á Húsavík að frumkvæði Starfsmannafélags Húsavíkur og samstarfi við Starfsmennt – fræðslusetur.

Á námskeiðinu verða tekin fyrir nokkur forvitnileg og fræðandi efni sem varða einstaklinginn sjálfan og þátttöku hans í samfélaginu, þ.e. í fjölskyldulífi, leik og starfi, s.s. rökræði og álitamál í lífi og starfi, félagsfræði: samskipti og frávík, umhverfismál og vistræði, samskipti og sjálfstraust, fjölmennning og fordómar, kjaramál, þjónustuviðmót, vinnustaðasamskipti, íslensk hönnun og framsögn. Tuttugu þátttakendur eru á námskeiðinu.



Miklar deilur hafa verið undanfarið um kjör og aðbúnað erlendra starfsmanna í Kárahnjúkum og hefur verkalyðshreyfingin gert alvarlegar athugasemdir þar sem hún telur að brotið sé á réttindum starfsmanna. Samtök atvinnulífsins hafa hins vegar ekki viðurkennt að brotið sé á réttindum starfsmanna. Á myndinni má sjá erlendan starfsmann sem vinnur m.a. við að rétta nagla sem búið er að nota. Ljóst er að ef slíkt á að geta borgað sig þurfa menn að vera á mjög lélegum launum.

## Félagsfundur

Verkalýðsfélag Húsavíkur boðar til félagsfundar miðvikudaginn 15. október kl. 20:00 í fundarsal félagsins.

### Dagskrá:

1. Kjaramál
2. Ársfundir og þing
3. Önnur mál

Mikilvægt er að félagsmenn fjölmenni á fundinn og hafi skoðanir á þeim atriðum sem verkalýðshreyfingin á að leggja höfuðáherslu á í komandi kjaraviðræðum við atvinnurekendur.



Verkalýðsfélag Húsavíkur



Þeir sem hafa átt leið um Húsavík hafa tekið eftir því að framkvæmdir standa yfir við gamla kirkjugarðinn á Húsavík. Unnið er við að hlaða nýjan garð og þá stendur til að gera nokkrar aðrar breytingar sem miða að því að fegra garðinn en frekar á næsta ári. Þeir sem komið hafa að verkinu eru, Haraldur Karlsson, Guðrún Friðriksdóttir og Oddur Bjarni Þorkelsson. Ljóst er að þegar framkvæmdum verður lokið verður ásjúnd garðsins orðin mjög glæsileg.



# Vika símenntunar



Dagana 7. til 13. september var vika símenntunar. Af því tilefni fóru fulltrúar frá Fræðslumiðstöð Þingeyinga þeir Tryggvi Finnsson og Aðalsteinn Á. Baldursson í vinnustaðaheimsóknir á Kópaskeri, Raufarhöfn og Þórshöfn. Myndirnar hér að neðan eru úr ferðinni.



## Tölvunámskeið í boði

Eftirfarandi tölvunámskeið verða í boði fyrir félagsmenn stéttarfélaganna á næstu vikum og mánuðum en fyrst þetta. Þrátt fyrir að uppgafið verði til félagsmanna sé kr. 7.000,- 9.500,- eða 17.000,- er rétt að taka fram að félagsmenn eiga rétt á verulegri niðurgreiðslu frá þessum upphæðum hjá viðkomandi aðildarfélagi. Þar sem reglur félaganna og starfsmenntunarsjóða þeirra eru mjög mismunandi er ekki hægt að nefna neina ákveðna tölu. Til dæmis má nefna að félagsmenn í Verkalýðsfélagi Húsavíkur fá allt að 75% endurgreiðslu á þeirra hlut á kostnaði við námskeið. Önnur aðildarfélög Skrifstofu stéttarfélaganna eru með svipaðan eða sambærilegan rétt. Hafðu endilega samaband við Skrifstofu stéttarfélaganna og kynntu þér rétt þinn til niðurgreiðslu á eftirfarandi námskeiðum. Kennit verður í nýrri og glæsilegri aðstöðu í Borgarhóllsskóla. Kennari verður Einar Helgason.

### Windows grunnnámskeið (8 kest. verð 10.000 kr. (7.000 fyrir félagsmenn))

Fyrir byrjendur - hægferð, lært að kveikja á tölvunni og umgangast hana, lært að stilla helstu grunnstillingar s.s. bakgrunn, lykklaborðstillingar og músastillingar. Einnig er farið yfir skipulag gagna (búa til möppur, vista skjöl o.þ.h.).

### Word ritvinnsla (20 kest. verð 22.000 kr. (17.000 fyrir félagsmenn))

Kennt er á helstu skipanir ritvinnslunnar s.s. feitletrun, skáletrun, undirstrikun, leturgerðir, dálkastillingar, innsetningu mynda og uppsetningu skjala (spássiur o.fl.). Nemendur læra að búa til algeng bréfsefni og vista skjöl á skipulagðan hátt.

### Excel töflureiknir (20 kest. verð 22.000 kr. (17.000 fyrir félagsmenn))

Nemendur læra að setja upp einfaldar töflur með reikniaðgerðum, setja skyggingar og ramma, og læra að nota fasta (s.s. fyrir vexti og virðisaukaskatt). Á námskeiðinu eru sett upp einföld bókhaldskerfi og kennt á myndræna framsetningu gagna (línurit, súlurit, kökurit).

### Internetið (10 kest. verð 12.000 kr. (9.500 fyrir félagsmenn))

Nemendur læra helstu hugtök á internetinu, markvissar leitaraðferðir og læra að nota upplýsingar af netinu í eigin skjöl (afrita myndir og texta). Forrit og skjöl verða sótt (niðurhlaðið „downloadað“). Einnig er kennt að bæta við bókamerki (bookmarks / favorites) og að nota tölvupóst „e-mail“.

### Stafrænar myndavélar og diskbrennsla (14 kest. verð 20.000 kr. (17.000 fyrir félagsmenn))

Nemendur læra að flytja myndir af stafrænum myndavélum yfir á tölvu, vista myndir skipulega og breyta stærð mynda (fyrir t.d. sendingar yfir internetið). Nemendur læra að brenna myndir / gögn á geisladiska og að taka afrit af geisladiskum.

Kennt verður 3 laugardaga í nóvember, nemendur mæta með eigin tölvur (í samráði við kennara) og skilyrði að nemendur eigi stafræna myndavél.



Um þessar mundir eru miklar annir í sláturhúsum landsins. Á myndinni er Kristín H. Friðriksdóttir starfsmaður Fjallalambs á Kópaskeri að þrifa stóla og borð í kaffistofu fyrirtækisins.

## Frábærar móttökur hjá Vlf. Vöku



Hópurinn samankomin í skógrækt Siglfirðinga.

Stjórn og starfsmenn Verkalýðsfélags Húsavíkur ásamt mökum dvöldu á Siglfirði 28. til 29. júní í boði Verkalýðsfélagsins Vöku. Ferðin var öll hin ánægjulegasta enda fengu gestirnir frá Húsavík frábærar móttökur og allt var gert til að skemmta þeim sem best. Farið var í skoðunarferð um Siglfirðir og nokkrir athyglisverðir staðir skoðaðir s.s. Síldarminja-safnið. Félagsaðstaða Vöku var einnig skoðuð sem er til fyrirmyndar enda félagið verið með

öflugri stéttarfélagum landsins í gegnum tíðina. Að lokum borðuðu stjórnir félaganna saman heima hjá formanni Vöku, Signýju Jóhannesdóttur sem á ættir sínar að rekja í Þingeyjar-sýslu enda kraftmikil kona og ber það með sér að vera með þingeyskt blóð í æðum. Verkalýðsfélag Húsavíkur þakkar stjórn Vöku kærlega fyrir móttökurnar og frábæra helgi. Þá fær gleðigjafinn og starfsmaður Vöku, Ásdís J. Magnúsdóttir, sérstakar þakkir.





Pingeyingar hafa átt sína fulltrúa í Kárahnjúkum því hópur Pingeyinga hefur verið þar við störf í sumar. Hér má sjá fjóra unga menn frá Húsavík, þá Jón Inga Sveinbjörnsson, Magnús Einarsson, Þorgrím Jóelsson og Mikael Þorsteinsson.

Myndir: Matthías Sigurðsson

## Sjómenn athugið!



Verkalýðsfélag Húsavíkur hefur falið Sjómannasambandi Íslands umboð til að semja um kaup og kjör sjómanna í félaginu við Samtök atvinnulífsins. Kjarasamningar sjómanna eru lausir um næstu áramót. Þessa dagana er Verkalýðsfélag Húsavíkur að setja saman kröfugerð fyrir sjómenn í félaginu. Þar sem mjög erfitt er að ná sjómönnum saman til fundar af eðlilegum ástæðum eru tilmæli til sjómanna að þeir komi tillögum sínum að breytingum á gildandi kjarasamningi til Skrifstofu stéttarfélaganna sem fyrst.

## Öryggismál sjómanna í ólestri

Verkalýðsfélag Húsavíkur hefur samþykkt að beina þeim tilmælum til Sjómannasambands Íslands að tekið verði sérstaklega á öryggismálum sjómanna við landanir á loðnu, kolmunna og síld. Á síðustu árum hafa komið upp nokkur alvarleg slys við landanir. Sem dæmi má nefna að í júlí 2003 varð alvarlegt slys um borð í Erninum KE er unnið var við löndun á loðnu úr skipinu á Djúpavogi. Þá voru fjórir hásetar hætt komnir vegna súrefnisskorts í lest. Verkalýðsfélag Húsavíkur telur mikilvægt að settar verði skýrar reglur um aðbúnað sjómanna við landanir úr fiskiskipum svo hægt verði að koma í veg fyrir slys sem þessi.

## Umboð vegna viðræðuáætlunar til SGS

Verkalýðsfélag Öxarfjarðar og Verkalýðsfélag Húsavíkur hafa samþykkt að veita Starfsgreinasambandi Íslands umboð til að gera viðræðuáætlun fyrir hönd félaganna við Samtök atvinnulífsins vegna komandi kjarasamninga. Með þessu eru félögin ekki að fela sambandinu samningsumboð fyrir hönd félaganna. Sú afstaða liggur ekki fyrir.

## Vel heppnuð skoðunarferð

Þingiðn stóð fyrir skoðunarferð í Kárahnjúka um síðustu helgi. Rúmlega 40 manns nýttu sér boð félagsins, það er félagsmenn og makar. Rúnar Óskarsson sá um að koma hópnum í Kárahnjúka og heim aftur. Á leiðinni heim var borðað saman í boði félagsins á veitingastaðnum Hótel Svartaskógi sem er rétt við Egilsstaði. Ferðin tókst mjög vel enda gott veður og góður hópur.

## Öryggismál landvarða verði tekin til umræðu

Skrifstofa stéttarfélaganna á Húsavík hefur farið þess á leit við Umhverfisstofnun að öryggismál starfsmanna í þjóðgördum verði tekin til skoðunar. Skrifstofunni hafa borist ábendingar frá starfsmönnum um að full ástæða sé til þess.


Umhverfisstofnun hefur svarað erindinu og hyggst að gefnu tilefni fara yfir öryggismál starfsmanna í þeim þjóðgördum sem eru á verksviði stofnunarinnar.

## Njóttu þess að vera á Illugastöðum

Verkalýðsfélag Húsavíkur hefur ákveðið að fela Orlofsbyggðinni á Illugastöðum að sjá um útleigu á orlofshúsi félagsins á Illugastöðum í vetur til félagsmanna. Töluverð aukning hefur verið á útleigu húsanna yfir vetrartímann enda mjög gott að dvelja á Illugastöðum. Áhugasamir geta haft samband í síma 462-6199 á Illugastöðum eða haft samband við Skrifstofu stéttarfélaganna sem aðstoðar félagsmenn við að fá húsið leigt á Illugastöðum. Helgarleigan er kr. 7.000,- (þrjár nætur), viðbótarsólarhringur kr. 1.500,-. Vikuleigan er þó aldrei hærri en kr. 10.500,- og einstakur sólarhringur kr. 3.000,-.



Nýlega létu af störfum hjá Fiskiðjusamlagi Húsavíkur þrjár heiðurskonur sem skilað hafa miklu og góðu starfi í þágu fyrirtækisins um áratuga skeið. Þær eru Helga Gunnarsdóttir, Halldóra Hólmgrímsdóttir og Þóra Erlendsdóttir. Á síðasta starfsdegi var þeim haldin veisla og kvaddar með fallegum blómaskreytingum. Þess má til viðbótar geta að Helga hefur á sinni starfsæfi tekið virkan þátt í starfsemi Verkalýðsfélags Húsavíkur og var um tíma m.a. í stjórn félagsins.



SPARISJÓÐUR  
ÞORSHAFNAR OG NÁGRENNIS

námsmenn  
www.namsmenn.is

**NÝJUNG  
Í NAMI!**

# Skemmtarinn

**Hann þúlar,  
bú lærir!**

Námsmaðurinn er undir stóðugri pressu að standa sig, bæði í námi og einkalífi.

Skemmtarinn sér um tímafreku atriðin í einkalífnum meðan þú lærir.

Sendu skemmtarann út á lífið og einbeittu þér að náminu — það skilar árangri.

**Við gerum allt fyrir námsmenn**

- \* Tölvukaupalán
- \* Ókeypis ISIC skirteini
- \* Bókakaupastyrkir
- og margt fleira

ÍSLANDSBANKI